



Umboðsmaður barna
Hverfisgötu 4-6
101 Reykjavík

Dagsetning 2.10.2025
Málsnúmer MRN25080336

Viðbrögð við niðurstöðum barnaþings

Vísað er til erindis umboðsmanns barna, dags. 29. ágúst 2025 um viðbrögð ráðuneytisins við niðurstöðum barnaþings. Líkt og fram kom í bréfi umboðsmanns barna hefur verið útbúið verklag um nýtingu niðurstaðna barnaþings á grundvelli þingsályktunar um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Verklagið var unnið af mennta- og barnamálaráðuneytinu í samvinnu við umboðsmann barna og er tilgangur verklagsins fyrst og fremst að styðja við markvissa nýtingu niðurstaðna barnaþings. Verður verklagið nýtt í fyrsta skipti til að vinna úr niðurstöðum barnaþings árið 2025 innan Stjórnarráðsins. Ráðuneytið tekur undir með umboðsmanni barna að mikilvægt sé að stjórnvöld meti og nýti niðurstöður barnaþings við stefnumótun og ákvarðanatöku og telur að framangreint verklag verði mikilvægur þáttur í þeirri vinnu.

Þátttaka barna er afar mikilvæg við stefnumótun og ákvarðanir stjórnvalda og í þeim tilgangi að styrkja rétt barna til áhrifa og þátttöku innan Stjórnarráðsins hefur mennta- og barnamálaráðuneytið gefið út leiðarvísi um mat á áhrifum á börn sem var unninn í samvinnu við umboðsmann barna og er ætlað að liggja til grundvallar við stefnumótandi ákvarðanatöku stjórnvalda, svo sem við gerð lagafrumvarpa, reglugerða, stefnu, aðgerðaáætlana o.fl. Í leiðarvísinum er lögð áhersla á að hluti af mati á því sem er barni fyrir bestu er að veita þeim tækifæri til þátttöku og áréttað skylda stjórnvalda að veita börnum raunverulegt tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og hafa áhrif í samræmi við 12. gr. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Matinu til stuðnings hefur mennta- og barnamálaráðuneytið einnig gefið út sérstaka handbók um samráð við börn sem er aðgengileg á innri vef Stjórnarráðsins þar sem farið er yfir þau atriði sem þarf að hafa í huga þegar fyrirhugað er samráð við börn.

Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að ýmsum verkefnum sem lögð hefur verið áhersla á í niðurstöðum barnaþinga umboðsmanns barna. Verður nú nánar vikið að þeim atriðum.

Jöfn tækifæri til þátttöku:

Á barnaþingi hafa ítrekað komið fram áhyggjur barna af því að öll börn hafi ekki jöfn tækifæri til þátttöku í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Í Íþróttastefnu ríkisins fyrir árin 2019-2030 er lögð áhersla á að öll börn hafi jöfn tækifæri til þátttöku í íþróttum óháð efnahag og búsetu. Í því felst meðal annars stuðningur við íþróttafélög og samstarf við sveitarfélög til að tryggja aðgengilegar æfingar og hagstæð skilyrði fyrir öll börn.

Í Íþróttastefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda varðandi hinsegin málefni er jafnframt gert ráð fyrir að stuðla að vernd og bættum stuðningi við andlega heilsu barna og ungmenna í íþróttastarfi. Á barnaþingi hafa komið fram athugasemdir um að gæta þurfi að andlegri líðan barna í íþróttum. Samtökin 78 unnu fræðsluefni út frá þingsályktun um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks fyrir árin 2022-2025, sem var samþykkt á

Alþingi í júní 2022. Mennta- og barnamálaráðuneytið hafði milligöngu um framkvæmd verkefnisins og var fræðsluefnið einkum ætlað starfsfólki og sjálfboðaliðum í íþrótta- og æskulýðsstarfi og var það kynnt og útgefið í október 2024. Efninu er ætlað að stuðla að aukinni þekkingu á sértækum þörfum hinsegin barna, þannig að þátttaka þeirra í íþrótta- og æskulýðsstarfi verði örugg og án fordóma. Efnið er í formi þriggja myndskreyttra bæklinga sem bera yfirskriftina: Stöðvum fordóma og mismunun, Sýnilegur stuðningur og Aðstaða og mót. Auk þess voru gefin út tvö veggspjöld sem fjalla um vítahring fordóma í íþróttum og hvernig fordómar byggjast upp.

Svæðisstöðvar íþróttahéraða, sem komið var á fótárið 2023 af UMFÍ og ÍSí með stuðningi frá mennta- og barnamálaráðuneytinu, styðja við öll íþróttahéröð landsins og hafa það hlutverk að tryggja jafnt aðgengi barna að íþróttastarfi, óháð búsetu, efnahag, fötlun eða menningarbakgrunni, meðal annars með auknu samstarfi, samræmingu þjónustu og stuðningi við íþróttafélög í nærumhverfi barna.

Þátttaka barna:

Á barnaþingi hefur einnig komið fram áhersla á að raddir barna heyrist á vettvangi skólastarfs. Mennta- og barnamálaráðuneytið hefur styrkt verkefni UNICEF um réttindaskóla- og frístund og stutt þannig við markvissa innleiðingu barnasáttmálans í skóla- og frístundastarf. Verkefnið hefur skapað raunverulegt tæki til þess að börn hafi rödd og áhrif í skólastarfi. Þau tækifæri birtast meðal annars í stofnun og starfi réttindaráða þar sem nemendur taka þátt í ákvarðanatöku ásamt kennurum og stjórnendum. Með þessu fyrirkomulagi er barnasáttmálinn fléttaður inn í daglegt starf skóla og börnum tryggður farvegur til að þekkja og virða eigin réttindi og annara og hafa áhrif á námsumhverfi sitt. Í lok árs 2024 náði verkefnið til 17.200 barna af öllu landinu. Þá voru lög um breytingar á ýmsum lögum í þágu barna (sambætting þjónustu o.fl.), nr. 107/2023, samþykkt á Alþingi 12. desember 2023 en þar voru breytingar gerðar m.a. á leik-, grunn- og framhaldsskólalögum sem miða að því að samræma ákvæði laganna við ákvæði barnasáttmálans, og var einkum litið til 12. gr. sáttmálans í því samhengi. Í lögunum er m.a. kveðið á um að börnum skuli veitt tækifæri til þess að taka þátt í gerð aðalnámskrár, skólanámskrár og stefnu sveitarfélags um grunnskólahlald. Það á að tryggja að sjónarmið barna fái skipulegan farveg í mótun skólastarfs og er þátttaka þeirra því ekki aðeins viðurkennd heldur formlega lögfest, sem styrkir lýðræðislega menningu innan skólastarfsins og stuðlar að því að raddir barna heyrist og hafi raunveruleg áhrif á námsumhverfi þeirra.

Á barnaþingi hefur einnig verið lögð áhersla á það að raddir barna heyrist almennt og því hafa stjórnvöld og mennta- og barnamálaráðuneytið unnið að síðustu ár. Gefinn var út leiðarvísir um mat á áhrifum á börn, líkt og að framan greinir, þar sem tryggja á að raddir barna heyrist með því að stjórnvöld leiti markvisst eftir röddum barna og veiti þeim vettvang til að tjá sig um málefni sem snerta þau. Þar er einnig lögð áhersla á að niðurstöður matsins leiði til þess að réttindi þeirra og hagsmunir verði raunverulega hafðir að leiðarljósi.

Menntun:

Á barnaþingi hafa komið fram áherslur á að skipta út hefðbundnum lokaprófum fyrir verkefnavinnu og einfaldara, samræmt matskerfi með bókstöfum frekar en tölustöfum. Framangreind sjónarmið samræmast stefnu stjórnvalda um námsmat, þar sem lögð er áhersla á að mat verði leiðbeinandi, fjölbreytt og samræmt með tilkomu matsferils sem unnið er að innleiðingu hjá Miðstöð menntunar og skólapijónustu.

Á barnaþingi hefur verið fjallað um áherslur á læsi og skrift en Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hefur lagt áherslu á notkun lesferils, sem er leið til þess að fá samburðarhæfar upplýsingar um stöðu nemenda og vísbendingar um veikleika í lestrarferli þeirra. Þessi aðferð geti lagt grunninn að árangursríkri lestrarkennslu sem skilar öllum nemendum nauðsynlegri og góðri lestrarfærni.

Á barnaþingi hefur verið fjallað um skort á skýrum reglum um farsímanotkun en mennta- og barnamálaráðuneytið hefur unnið að því að festa slíkar reglur í sessi og var starfshópur um mótun leiðbeininga um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum settur á fót í ágúst 2023 sem hafði það hlutverk að móta leiðbeiningar um viðeigandi og örugga farsímanotkun í grunnskólum. Leiðbeiningarnar eiga að tryggja örugga farsímanotkun grunnskólanemenda í skólastarfi, þar á meðal fullnægjandi fræðslu. Til að tryggja fullnægjandi lagagrundvöll fyrir samræmingu reglna um notkun snjalltækja í grunnskólum stendur til að mennta- og barnamálaráðherra leggi fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 (snjalltæki) á 157. lögjafarþingi.

Á barnaþingi hefur verið fjallað um endurmenntun kennara og áhersla lögð á að kennurum standi til boða fræðsla um málefni sem skipta börn máli. Í því samhengi er rétt að benda á að Stjórnvöld hafa m.a. stutt við endurmenntun kennara með því að styrkja Menntafléttuna, sem var stofnuð árið 2019. Menntafléttan býður kennurum aðgengileg netnámskeið án kostnaðar og leggur áherslu á námssamfélög innan skóla þar sem kennarar geta tengt fræðilega þekkingu við kennsluhætti. Með þessu skapast vettvangur fyrir stöðuga endurmenntun, miðlun rannsókna og faglegt samfélag sem styður við nýbreytni og faglegan metnað í skólastarfi. Stjórnvöld hafa einnig stutt við endurmenntun kennara með fjármögnun starfsmenntunar- og endurmenntunarsjóða í gegnum kjarasamninga, styrki og námsorlof, ásamt því að styrkja menntastofnanir á borð við Háskóla Íslands.

Aðgangur að þjónustu:

Á barnaþingi hefur verið lögð áhersla á að stytta biðtíma barna eftir greiningum og aðstoð en lögum um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021 er ætlað að tryggja skjót viðbrögð þegar þörf kemur upp, bæta upplýsingaflæði milli stofnanna, fela tengiliðum farsældar að samhæfa þjónustu strax í upphafi máls og styðja við stigskipta þjónustu sem geri börnum kleift að fá rétta aðstoð á réttum tíma. Þannig eiga löggin að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra falli ekki á milli kerfa og verði ekki send á eigin ábyrgð milli þjónustuaðila innan sveitarfélaga og ríkisstofnana. Ráðgjafar- og greiningarstöð hefur fengið sérstakt fjármagn til að bregðast við biðlistum árin 2023 - 2025 eða samtals 240 m.kr. Þá hefur Barna- og fjölskyldustofa frá árinu 2022 fengið 79,5 m.kr. til að bregðast sérstaklega við biðlistum ásamt því að nokkuð fjármagn hefur verið lagt til húsnæðis stofnanna en húsnæðisvandi hefur haft bein áhrif á framboð þjónustu.

Barnavernd og uppeldishlutverk foreldra:

Á barnaþingi hafa komið fram áhyggjur af því að barnavernd fari rétt að í málefnum barna. Mennta- og barnamálaráðuneytið vann framkvæmdaáætlun í barnavernd fyrir árin 2023-2027, sem samþykkt var á Alþingi í lok árs 2023 þar sem lögð er áhersla á að rétt sé staðið að barnaverndarmálum með því að samræma verklag og áhættumat milli þjónustuaðila, setja gæðaviðmið fyrir alla barnaverndarþjónustu og innleiða málavog til að fylgjast með álagi barnaverndarstarfsmanna. Allt framangreint á að tryggja fagleg

vinnubrögð, jafnræði í afgreiðslu mála og að börn fái viðeigandi stuðning án óeðlilegrar seinkunnar.

Á barnaþingi hefur verið fjallað um um þörf foreldra til þess að fá stuðning við uppeldishlutverkið og hefur mennta- og barnamálaráðuneytið sett af stað þróunarverkefnið “Föruneysi barna” í samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu og Háskóla Íslands. Markmið verkefnisins er að valdefla foreldra og forsjáraðila og styðja við farsæld barna með námskeiðum og fræðslu innan leik- og grunnskóla. Verkefnið er hluti af því að efla grunnþjónustu fjölskyldna í samræmi við lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og telst til forvarnarverkefna sem er í boði fyrir alla uppalendur. Verkefnið nýtir menningarnæmt námsefni, Tengjumst í leik (e. Invest in Play), sem byggir á rannsóknum og gagnreyndum aðferðum. Upplifun foreldra og forsjáraðila, bæði hérlandis og erlendis, sýnir að með þátttöku í námskeiðinu hafa þau öðlast aukið sjálfstraust í uppeldishlutverkinu, upplifað minni streitu – bæði persónulega og innan fjölskyldunnar – og hegðunarvandi barna dregist saman. Einnig hafa samskipti og samstarf við leik- eða grunnskóla barna þeirra eflst. Fylgst er með upplifun og reynslu þátttakenda með rannsókn sem Háskóli Íslands leiðir samhliða innleiðingu verkefnisins. Verkefnið “tengjumst í leik” hefur verið þýtt og aðlagð að íslenskum aðstæðum samkvæmt samningi við Invest in Play og er verkefnið hluti af alþjóðlegu innleiðingar- og rannsóknarsamstarfi. Miðstöð menntunar- og skólaþjónustu veitir starfsfólki faglega handleiðslu og stuðning á innleiðingartímanum.

Að lokum vill mennta- og barnamálaráðuneytið benda á lokagreinargerð um stöðu aðgerða í þingsályktun um barnvænt Ísland - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem birt var í júlí 2025. Þar er að finna heildstætt yfirlit yfir hvaða aðgerðir var gripið til á gildistíma stefnunnar í fyrstu heildstæðu innleiðingaráætluninni fyrir barnasáttmálann hjá stjórnvöldum hér á landi.¹

Mennta- og barnamálaráðuneytið leggur ríka áherslu á að hlustað sé á sjónarmið barna um málefni er þau varða og að þeirra raddir heyrist í stefnumótunarvinnu ráðuneytisins. Ráðuneytið bindur miklar vonir við að það verklag sem hefur verið samþykkt um úrvinnslu á niðurstöðum barnaþings muni gefast vel og bindur væntingar við að niðurstöður barnaþings 2025 verði ráðuneytinu gott veganesti í komandi vinnu.

Fyrir hönd ráðherra

Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir

Gísli Ólafsson

¹ <https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Lokagreinargerd-stada-adgerda-thingsalyktun-barnvaent-Island.pdf>